

Alþingi
Erindi nr. P 136 / 735
komudagur 14.1.2009

Hafnarfirði 8. janúar 2009

Sjúkraskrár

Kæra heilbrigðisnefnd

Frumvarpið er gullið tækifæri til eftirfarandi atriða og vil ég óska eftir að nefndarmenn velti fyrir sér hvort frumvarpið sé til þess fallið að tryggja þessi atriði:

1. Öryggi sjúklings.
 - a. Sjúklingur er rænulaus við komu á heilbrigðisstofnun og með opnun á sjúkraskrá viðkomandi eru upplýsingar sem skipta heilsu viðkomandi. (ofnæmi, lyfjanotkun t.d.)
2. Að lífsviljaskrá sé aðgengileg öllum.
 - a. Lífsviljaskrá er nú vistuð sem eyland hjá Landlækni en ætti auðvitað að koma fram á miðlægri sjúkraskrá ásamt vilja til að gefa líffæri. Allavega merki um að hún sé til staðar.
3. Læknadóp sé nánast úr sögunni.
 - a. Algerlega er óásættanlegt að fólk geti valsað á milli lækna og fengið ávísuð lyfjum sem viðkomandi fikill misnotar svo. Ávanabyndandi lyf sem einhver fékk ávísuð hjá a.eiga að koma fram þegar læknir b.er heimsóttur.
4. Tækifæri til bættrar meðferðar.
 - a. Leyfilegt verði að ná út ákveðnum upplýsingum um hóp sjúklinga. T.d. MND veika. Þessar upplýsingar geta verið mikilvægt tæki til rannsókna og til bættrar meðferðar.

Með von um að tækifærið sé notað.

Virðingarfyllt



Guðjón Sigurðsson

Formaður MND félagsins